

Stjórnarfundur FEB nr. 433
Þriðjudagur 5.11.2019

Sud -

Mætt: Ellert B. Schram, Sigríður Sigurbjörnsdóttir, Finnur Birgisson, Kári Jónasson, Róbert Bender, Sjöfn Ingólfssdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Sverrir Hermann Pálmarsson og Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Guðrún Árnadóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðir 429, 431 og 432 samþykktar og undirritaðar. Ritari boðaði að átak stæði yfir í að láta undirrita eldri fundargerðir serm vantaði inn í.
2. Deloitte úttekt. SHP greindi frá því að skýrslu Deloitte verði skilað á föstudag eða mánudag. Samþykkt að stjórnarfundur verði boðaður þegar skýrsla hefur borist.
3. Söllumál íbúða. Bindandi kautilboð í síðustu íbúðina var samþykkt í gær. Fyrirvari er um sölu á íbúð sem gildir í 30 daga. Þá var einnig gengið frá kaupsamningi á annarri íbúð sem aðeins hafði legið fyrir kautilboð í, með fyrirvara um sölu íbúðar.
4. Áframhaldandi undirbúningur aðalfundar. Stefnt að aðalfundi í lok febrúar. Rætt um að fá góða fyrirlesara á aðalfund eftir venjuleg aðalfundarstörf.
5. Tillaga að uppstillingarnefnd. Samþykkt að fara fram á við eftirfarandi að gefa kost á sér í uppstillingarnefnd: Viðar Eggertsson, Páll Halldórsson, Sjöfn Ingólfssdóttir.
6. Skipan í Öldungaráð. Samþykkt að Ellert B. Schram, Sjöfn Ingólfssdóttir, sem nú er varamaður í ráðinu og Bryndís Hagan verði fulltrúar FEB.
7. Frágangur starfslýsinga fyrir starfsfólk FEB. Guðrún og Sigríður auk SHP hafa yfirfarið starfslýsingar og starfskjör með þeim Jóhönnu og Kristínu. Laun hafa verið leiðrétt í samræmi við kjarasamning VR fyrir Jóhönnu sem skrifstofustjóra og Kristínu sem aðal-bókara. Samþykkt.
8. Drög að stefnu FEB. Sigríður og Þorbjörn hafa sett saman og sent út til umsagnar drög að stefnu FEB. Borist hafa athugasemdir frá Finni og Ólafi Erni. Samþykkt að reyna að setja saman í eitt skjal og stefna að yfirferð á næsta fundi. Stefnt að því að plaggið verði orðið endanlegt til almennrar kynningar fyrir aðalfund.
9. Önnur mál. SHP gerði stuttlega grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins sem er þröng. Sagt frá samskiptum við rútubílstjóra sem telur á sér brotið í samskiptum við FEB. Rætt um fund Velferðarnefndar í fyrri viku. Rætt um vinnubrögð TR vegna endurreiknings. ÓÓI sagði frá því að umsókn til Lýðheilssjóðs í nafni FEB hefði verið send inn í gær. Við vinnslu umsóknar var haft samband við Janus Guðlaugsson sem sýnir málinu mikinn áhuga. Rætt hvort hann komi á fund stjórnar til kynningar. Þorbjörn gerði grein fyrir helstu umræðuefnum af fundi "stóru" nefndarinnar. Samþætting heimaþjónustu og heilbrigðiskerfis var helsta efni fundarins.

Fundi slitið 11.30

ÓÓI